



Borgarráð

Frá fundi endurskoðunarnefndar 12. janúar 2026

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 12. janúar sl. var lögð fram starfsskýrsla Innri endurskoðunar og ráðgjafar fyrir tímabilið 1. janúar 2024 til 1. júlí 2025, dags. 12.01.2026.

Ingunn Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt að vísa til borgarráðs.

Kristín Henley Vilhjálmsdóttir
e.u.



Innri endurskoðun
og ráðgjöf

Reykjavík, 12. janúar 2026
IER25110007
IÓ/SM/KHV

Endurskoðunarnefnd
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar - Starfsskýrsla 2024-2025

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) hefur lokið við gerð starfsskýrslu fyrir fagsvið innri endurskoðunar og skrifstofu innri endurskoðanda sem tekur til tímabilsins frá 1. janúar 2024 til 1. júlí 2025. Starfsskýrsluna má finna í hjálögðu viðhengi.

Óskað er eftir að starfsskýrslan verði lögð fram til kynningar á næsta fundi endurskoðunarnefndar þann 12. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir
starfandi innri endurskoðandi

Hjálagt:

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar - Starfsskýrsla 2024-2025, dags. 12. janúar 2026



Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar **Starfsskýrsla 2024-2025**



Innri endurskoðun
og ráðgjöf

12. janúar 2026
IER25110007

Efnisyfirlit

1.	Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER)	1
2.	Innri endurskoðandi og skrifstofa innri endurskoðanda	1
3.	Fagsvið innri endurskoðunar	2
4.	Viðhorfsmönnun meðal borgarfulltrúa og stjórnenda A hluta árið 2025.....	8
Viðauki 1 – Yfirlit yfir útgefið efni IER 2024-2025.....		9

1. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER)

Samkvæmt samþykkt borgarráðs 11. júní 2020 sameinuðust embætti umboðsmanns borgarbúa, persónuverndarfulltrúa og Innri endurskoðun í eina einingu: Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER). Samþykkt fyrir IER og innri endurskoðanda var staðfest á fundi borgarstjórnar 15. júní 2021.

Á árinu 2024 framkvæmdi KPMG greiningu á árangri sameiningarinnar og niðurstaðan var að ákveðin verkefni ættu betur heima annars staðar í borgarkerfinu. Borgarráð samþykkti 6. mars 2025 skipulagsbreytingar hjá IER. Ákvörðunin fól í sér að verkefni fagsviðs innri endurskoðunar og skrifstofu innri endurskoðanda héldu áfram hjá IER. Hin tvö fagsviðin, persónuverndar og ráðgjafar, yrðu lögð niður og verkefni þeirra færð annað. Verkefni sem áður tilheyrðu fagsviði ráðgjafar færðust til þjónustuvers Reykjavíkurborgar eða beint til viðkomandi sviðs, eftir eðli máls. Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar færðist til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) og mun halda áfram að sinna þeim málefnum þaðan. Þessar breytingar tóku gildi 1. apríl 2025.

Af ofangreindum ástæðum verður einungis fjallað um starfsemi fagsviðs innri endurskoðunar og skrifstofu innri endurskoðanda í þessari starfsskýrslu sem tekur til tímabilsins frá 1. janúar 2024 til 1. júlí 2025.

2. Innri endurskoðandi og skrifstofa innri endurskoðanda

Samkvæmt samþykkt IER og innri endurskoðanda, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 15. júní 2021, fer innri endurskoðandi með stjórn skrifstofu IER á grundvelli umboðs borgarráðs og í beinum tengslum við æðstu stjórnendur borgarinnar. Hann er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart allri stjórnarsýslu borgarinnar, m.a. hvað varðar umfang úttekta, framkvæmd verkefna, miðlun niðurstaðna og aðgang að gögnum og eignum borgarinnar. Endurskoðunarnefnd samþykkti erindisbréf fagsviðs innri endurskoðunar 18. september 2023, sem skilgreinir nánar tilgang, heimildir og ábyrgð fagsviðs innri endurskoðunar.

Hjá skrifstofu innri endurskoðanda starfa, auk innri endurskoðanda, lögfræðingur og skrifstofustjóri. Meðal verkefna skrifstofunnar eru mannauðsmál, áætlana- og samningsgerð, reikningagerð og innkaup, tölfræðivinna, lögfræðileg málefni, gæðamál og verkefnastýring. Einnig fer þar fram móttaka tilkynninga í gegnum uppljóstrunargátt og erinda sem berast IER með ýmsum hætti. Þá hefur skrifstofan með höndum umsýslu verkefna endurskoðunarnefndar, fundaritun og annað ut anumhald, auk þess að leggja til fundaraðstöðu.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, Hallur Símonarson, fór í leyfi 16. janúar 2024 og lét síðan af störfum 1. mars 2025. Staðgengill hans, Ingunn Ólafsdóttir, gegnir starfi innri endurskoðanda þar til ráðið verður í stöðuna.

2.1. Uppljóstrunargátt

Árið 2020 tóku gildi á Íslandi lög um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, og var þá sett á laggirnar hjá Reykjavíkurborg sérstök vefgátt fyrir móttöku uppljóstrara og nafnlausra tilkynninga um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi. Vefgáttin er aðgengileg á heimasíðu IER (www.innriendurskodun.is) og er þar boðið upp á stofnun og notkun öruggs pósthólfs fyrir samskipti við uppljóstrara og þá sem senda inn nafnlausar tilkynningar. Vefgátt borgarinnar er jafnframt misferlisgátt tveggja dótturfélaga Reykjavíkurborgar, Orkuveitunnar og Félagsbústaða. Samþykkt IER kveður á um að þar skuli gáttin rekin og nánar tilgreint hvernig meðferð slíkra mála skuli háttað. Skrifstofa innri endurskoðanda hefur þannig með höndum úrvinnslu tilkynninganna og eftirfylgni með þeim eftir atvikum.

Á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 1. júlí 2025 bárust alls 47 tilkynningar í gegnum uppljóstrunargáttina sem flestar voru sendar inn í skjóli nafnleyndar; 30 tilkynningar bárust árið 2024 og 17 tilkynningar á fyrri hluta árs 2025. Mál eru að öllu jöfnu unnin í samvinnu við hlutaðeigandi svið borgarinnar eða dótturfélag sem fara þá með vinnslu máls í framhaldinu. Ef mál varðar meint misferli getur það verið tekið til rannsóknar hjá IER. Ein rannsókn var unnin á árinu 2024.

2.2. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Skrifstofa innri endurskoðanda hefur með höndum umsýslu funda endurskoðunarnefndar í samræmi við samþykkt endurskoðunarnefndar en þar er kveðið á um að IER leggi nefndinni til fundarritara. Skrifstofan sinnir því starfi ásamt því að sjá um almennt utanumhald nefndarinnar og viðeigandi skjalavörslu. Á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 1. júlí 2025 voru haldnir 38 fundir hjá endurskoðunarnefnd, eða 24 árið 2024 og 14 á fyrri hluta árs 2025.

3. Fagsvið innri endurskoðunar

Fagsvið innri endurskoðunar heyrir undir skrifstofu innri endurskoðanda. Það veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar og samstæðu. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur fagsvið innri endurskoðunar mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að Reykjavíkurborg og samstæða nái markmiðum sínum.

Fagsvið innri endurskoðunar fylgir faglegri umgjörð um innri endurskoðun sem gefin er út af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (Institute of Internal Auditors eða IIA). Umgjörð Heimsstaðla innri endurskoðunar var síðast endurskoðuð og endurútgefin 9. janúar 2024 og samanstendur af fimm hlutum; skilgreiningu á tilgangi og hlutverki innri endurskoðunar, siðareglum innri endurskoðenda, stjórnskipulagi og stjórnun innri endurskoðunar og framkvæmd innri endurskoðunarþjónustu.

3.1. Verkefni fagsviðs innri endurskoðunar

Helstu verkefni fagsviðs innri endurskoðunar má flokka í staðfestingarúttektir og eftirfylgni með niðurstöðum þeirra, misferlissóknir og ráðgjöf.

Staðfestingarúttektir

Staðfestingarúttektir snúa meðal annars að því að meta stjórnarhætti og eftirlitsumhverfi borgarinnar, hvort eignir séu varðveittar með öruggum hætti, hvort virkni áhættustýringar sé fullnægjandi og hvort stjórnskipulag, rekstur og stjórnun sé hagkvæm, skilvirk og árangursrík og í samræmi við stefnur, verklagsreglur og gildandi lög og reglugerðir. Einnig hvort fjárhags- og rekstrarupplýsingar séu áreiðanlegar og tímanlegar til þess að borgarráð, stjórnir og stjórnendur geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Niðurstöður úttekta eru kynntar í endurskoðunarnefnd, borgarráði, fagráðum og stjórnnum B hluta félaga eftir því sem við á. Áður er stjórnendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við skýrsludrögin. Lokaskýrsla er send til stjórnenda og ábendingar og tillögur til úrbóta eru skráðar í upplýsingakerfi fagsviðs innri endurskoðunar.

Eftirfylgnikannanir

Samkvæmt stöðlum alþjóðasamtakanna um innri endurskoðun ber innri endurskoðanda að fylgja eftir þeim ábendingum sem hann setur fram. Tilgangur eftirfylgni ábendinga er að kanna hvort stjórnendur hafi brugðist við ábendingum með fullnægjandi hætti eða hvort enn séu til staðar þeir annmarkar sem úttekt leiddi í ljós. Eftirfylgni ábendinga fer alla jafna fram ári eftir útgáfu úttektarskýrslu.

Rannsóknir og ráðgjöf

IER tekur eftir atvikum til rannsóknar misferlismál, meðal annars ábendingar sem berast um uppljóstrunargátt fyrir móttöku ábendinga um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi borgarinnar í samræmi við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Auk þess veitir IER borgarráði, stjórnnum og stjórnendum ráðgjöf sem ætlað er að bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli, án þess þó að taka á sig stjórnendaábyrgð. Ráðgjöf er veitt samkvæmt beiðni og er eðli og umfang verkefna háð samkomulagi hverju sinni.

TAFLA 1. HELSTU VERKEFNI INNRI ENDURSKOÐUNAR



3.2. Fjöldi starfsmanna og endurmenntun

Í byrjun árs 2024 störfuðu sjö starfsmenn á fagsviði innri endurskoðunar en á árinu 2024 urðu miklar breytingar á starfsmannahópnum og voru um tíma aðeins fjórir starfsmenn starfandi af tíu stöðugildum í innri endurskoðun. Í byrjun árs 2025 voru ráðnir tveir nýir verkefnastjórar.

Viðfangsefni IER eru fjölbreytt og ná yfir alla starfsemi samstæðu borgarinnar. Í hverju tilviki er metið hvaða sérþekking þarf til að vinna viðkomandi úttekt. Ef slík þekking er ekki til staðar innan IER er leitað til ráðgjafa. Aðkoma ráðgjafa er mismikil eftir eðli og umfangi verkefnisins, en úttektir eru þá samvistaðar, sem þýðir að þær eru leiddar af verkefnastjóra IER í samstarfi við ráðgjafa. Þetta fyrirkomulag er valið til að tryggja gæði í vinnu við úttektir. Á tímabilinu voru m.a. fengnir ráðgjafar í stjórnsýsluúttektir sem borgarstjórn og borgarráð IER.

Starfsfólk IER býr yfir fjölbreyttri reynslu og þekkingu á fjölmörgum sviðum innri endurskoðunar, áhættustýringar, stjórnsýslu, fjármála, lögfræði og upplýsingatækni. Þessi breiða þekking hópsins er lykilatriði fyrir faglega vinnu og vandað eftirlit með starfsemi borgarinnar. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum ber innri endurskoðendum að viðhalda og efla faglega hæfni sína með reglulegri endurmenntun. Til að uppfylla þessar kröfur sótti starfsfólk ýmis námskeið, ráðstefnur og fundi, m.a. á vegum Félags um innri endurskoðun (FIE) og ráðstefnu í Búdapest á vegum Evrópusamtaka innri endurskoðenda (ECIIA).

3.3. Umfang innri endurskoðunar

Í almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 3. maí 2022, kemur fram að borgin muni beita sér fyrir því að IER annist innri endurskoðun hjá fyrirtækjum innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Þar kemur einnig fram að hafi stjórn fyrirtækis innan samstæðu Reykjavíkurborgar samið um innri endurskoðun við annan aðila skuli innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við IER áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu.

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir umfang rekstrar hjá helstu einingum innan samstæðu Reykjavíkurborgar sem IER veitir innri endurskoðunarþjónustu. Félög í B hluta eru meðal annars: Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Orkuveituna og dótturfélögin Carbfix, Ljósleiðarann, Orka náttúrunnar (ON) og Veitur, Félagsbústaði hf., Faxaflóahafnir sf. og Malbikunarstöðina Höfða hf. PwC sinnir innri endurskoðun hjá SORPU bs. og hjá Strætó bs. sinnir Deloitte innri endurskoðun félagsins.

TAFLA 2. EININGAR SEM IER SINNIÐ INNRI ENDURSKOÐUNARÞJÓNUSTU FYRIR

Einingar fjárhæðir í m.kr.	Eigið fé	Eignir	Rekstrar- tekjur	Rekstrar- gjöld	Árs- verk
Reykjavíkurborg, A og B hluti					
Reykjavíkurborg A og B	453.852	978.825	277.439	214.457	9.760
Reykjavíkurborg A	88.642	292.217	194.451	176.291	8.606
<i>Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2024, https://reykjavik.is/arsreikningar.</i>					
Félög í B hluta					
Faxaflóahafnir sf.	19.691	20.365	6.469	4.241	76
Félagsbústaðir hf.	86.427	162.695	7.078	4.104	28
Malb.stöðin Höfði hf.	1.270	1.621	978	1.130	28
Slökkvilið höfuðb.sv. bs.	2.946	4.000	5.291	4.959	232
OR sef. samstæða	265.732	509.953	66.782	27.720	672
OR móðurfélag	265.535	489.168	12.375	11.949	206
Carbfix hf. (2023)	708	4.401	826	1.161	33
Ljósleiðarinn ehf.	14.553	40.240	5.670	2.657	51
Orka Náttúrunnar ohf.	23.474	43.250	12.878	7.424	118
Veitur ohf.	75.416	147.803	37.636	24.152	246

Fjárhæðir í m.kr. m.v. 2024 fyrir öll félög nema Carbfix sem sýnir árið 2023. Taflan sýnir niðurstöðu ársreiknings skv. ársreikningaskrá hvers félags, ekki fyrir öll félög eða alla samstæðu Reykjavíkur eða annarra dótturfélaga. Summa fjárhæða og fjölda ársverka dótturfélaga stemmir því ekki við fjárhæðir eða heildarfjölda ársverka móðurfélags. Fyrirtækjaskrá, <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/>.

3.4. Innri endurskoðunaráætlanir 2024-2025

Í samræmi við alþjóðlega staðla innri endurskoðunar leggur innri endurskoðandi áhættugrundaða innri endurskoðunaráætlun fyrir A hluta Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og fyrir borgarráð og stjórnendur til kynningar. Endurskoðunaráætlanir fyrir B hluta fyrirtæki borgarinnar eru lagðar fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórnir viðkomandi B hluta fyrirtækja til samþykktar.

Við gerð innri endurskoðunaráætlana er tekið tillit til innleggs frá stjórnendum, kjörnum fulltrúum og endurskoðunarnefnd. Val og forgangsroðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun er síðan byggt á mati á áhættu í starfseminni hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig.

Á starfsárinu 2024–2025 var unnið samkvæmt innri endurskoðunaráætlunum fyrir Orkuveituna og dótturfélög, Félagsbústaði, Faxaflóahafnir, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Malbikunarstöðina Höfða. Í upphafi árs 2024 var hafist handa við gerð innri endurskoðunaráætlunar fyrir A hluta Reykjavíkurborgar og fundað með borgarfulltrúum og stjórnendum í þeirri vinnu. Tafir urðu á áætlunargerðinni vegna ófyrirséðra verkefna sem IER voru falin af borgarstjórn og borgarráði, en þar var um að ræða stjórnsýsluúttektir á annars vegar aðdraganda og fyrirkomulagi samningaviðræðna Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík og hins vegar á ferlinu í kringum byggingu leikskólans Brákarborgar í ljósi mögulegra hönnunar- og/eða framkvæmdagalla.

3.5. Útgefið efni og önnur verkefni

Helstu verkefni fagsviðs innri endurskoðunar eru staðfestingarúttektir og eftirfylgnikannanir með ábendingum og eru þau tilgreind í innri endurskoðunar-áætlunum en umfang og afmörkun er skilgreint nánar í verkáætlun úttektar. Áhættumiðuð innri endurskoðunaráætlun er gerð fyrir A hluta borgarinnar og fyrir hvert og eitt B hluta félag. Endurskoðunaráætlanir B hluta félaga eru lagðar fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn viðkomandi félags til samþykktar. Endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og síðan til kynningar í borgarráði. Áætlanir eru endurskoðaðar árlega til að bregðast við breytingum á starfsemi og áhættum í rekstri.

Eins og sjá má í töflu 3 var lokið við 41 verkefni á fagsviði innri endurskoðunar á tímabilinu og voru þau lögð fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnir B hluta félaga til kynningar. Um er að ræða 17 úttektarskýrslur, 15 eftirfylgniskýrslur og 9 önnur sértæk verkefni. Sveiflur í fjölda verkefna geta verið miklar milli tímabila en eðli og umfang verkefna er ólíkt og getur ráðið miklu um ráðstöfun tíma starfsmanna fagsviðsins hverju sinni. Til að mynda var lokið við sautján úttektarskýrslur árið 2023 en fimm árið áður.

TAFLA 3. FJÖLDI VERKEFNA FAGSVIÐS INNRI ENDURSKOÐUNAR 2024 OG 2025

	2024	2025	Samtals
A hluti	11	5	16
Eftirfylgniskýrslur	4	1	5
Úttektarskýrslur	4	1	5
Önnur verkefni*	3	3	6
B hluta félög	12	13	25
Eftirfylgniskýrslur	5	5	10
Úttektarskýrslur	6	6	12
Önnur verkefni*	1	2	3
Samtals	23	18	41

Staðan árið 2025 miðast við 1. júlí 2025.

*Önnur verkefni s.s. ábending, eftirlit, innri úttekt, minnisblað, rannsókn eða umsögn.

Á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 1. júlí 2025 gaf IER út 26 skýrslur sem skiptast jafnt á milli A og B hluta, eða 13 skýrslur fyrir hvorn hluta. Í viðauka 1, Yfirlit yfir útgefið efni IER 2024-2025, má sjá lista yfir útgefið efni á tímabilinu, raðað eftir dagsetningu kynninga í endurskoðunarnefnd eða borgarráði.

3.6. Helstu niðurstöður eftirfylgnikannana

Ábendingum í úttektarskýrslum IER er fylgt eftir með eftirfylgnikönnun og eru niðurstöður kynntar í endurskoðunarnefnd og í stjórn viðkomandi B hluta félags. Í töflu 4 er yfirlit yfir niðurstöður eftirfylgnikannana fyrir árið 2024 og fyrri hluta árs 2025. Á árinu 2024 var fylgt eftir samtals 40 ábendingum. Af þeim var 31 ábendingu lokað þar sem aðgerðir voru innleiddar að fullu (77%) en 9 ábendingar voru enn í vinnslu (23%). Af samtals 17 ábendingum sem var fylgt eftir á fyrri

hluta árs 2025 var 12 ábendingum lokið, þar sem aðgerðir voru innleiddar að fullu, (71%) en 5 ábendingar voru enn í vinnslu (29%). Hlutfallslega er staða lokaðra ábendinga lítillega lakari árið 2025.

TAFLA 4. NIÐURSTAÐA ÁBENDINGA EFTIRFYLGNIKANNANA EFTIR STÖÐU 2024 OG 2025

Ábendingar	2024	%	2025	%
Lokið	31	77%	12	71%
Í vinnslu	9	23%	5	29%
Ekki hafið	0	0%	0	0%
Samtals	40	100%	17	100%

Staðan árið 2025 miðast við 1. júlí 2025.

Á árinu 2024 voru gefnar út 9 skýrslur með niðurstöðum eftirfylgnikannana, þar af voru fjórar fyrir A hluta og fimm fyrir B hluta. Í töflu 5 má sjá niðurstöðu eftirfylgnikannana hjá A hluta og B hluta félögum skipt eftir ári. Hlutfallslega var fleiri ábendingum lokað hjá A hluta Reykjavíkurborgar (94%) en í B hluta félögum (65%) á árinu 2024 en í engu tilfelli var ekki byrjað að vinna úrbætur vegna ábendinga. Lokið var við tvær eftirfylgnikannanir á fyrri hluta árs 2025, einni fyrir hvorn hluta, og var fjöldi ábendinga sem kannaðar voru alls 17. Af þeim voru 5 ábendingar enn í vinnslu hjá A hluta en öllum ábendingunum var lokað hjá B hluta.

TAFLA 5. NIÐURSTAÐA EFTIRFYLGNIKANNANA EFTIR HLUTA 2024 OG 2025

2024	A hluti	%	B félög	%
Lokið	16	94%	15	65%
Í vinnslu	1	6%	8	35%
Ekki hafið	0	0%	0	0%
Samtals	17	100%	23	100%
2025	A hluti	%	B félög	%
Lokið	4	44%	8	100%
Í vinnslu	5	56%	0	0%
Ekki hafið	0	0%	0	0%
Samtals	9	100%	8	100%

Staðan árið 2025 miðast við 1. júlí 2025.

3.7. Helstu niðurstöður úttekta og annarra verkefna

Á árinu 2024 og fyrri helmingi árs 2025 var lokið við ellefu úttektir og fjögur önnur verkefni. Átta verkefni voru hjá A hluta og sjö hjá B hluta. Í töflu 6 má sjá yfirlit yfir nýjar ábendingar sem urðu til í úttektum og öðrum verkefnum á tímabilinu, skipt eftir áhættuflokki, ári og hluta. Alls voru nýjar ábendingar á tímabilinu 86 talsins sem skiptast næsta jafnt á milli A hluta og B hluta. Flestar ábendingarnar eru í lægsta áhættuflokki en í sumum verkefnum eru ábendingar ekki flokkaðar með tilliti til áhættu. Aðeins fimm ábendingar, eða um 6%, eru metnar með mestu áhættuna og eru merktar rauðar. Næst áhættusamasti flokkurinn, appelsínugulur, telur 28 ábendingar, eða um 32% af nýjum ábendingum á tímabilinu.

TAFLA 6. NÝJAR ÁBENDINGAR Í VERKEFNUM A OG B HLUTA 2024 OG 2025

	2024		2025			
Áhættuflokkur	A hluti	B hluti	A hluti	B hluti	Samtals	%
Rauð	5	0	0	0	5	6%
Appelsínugul	6	17	5	0	28	32%
Gul	3	9	0	0	12	14%
Græn / Óflokkað	10	16	15	0	41	48%
Samtals	24	42	20	0	86	100%

Staðan árið 2025 miðast við 1. júlí 2025.

4. Viðhorfsskönnun meðal borgarfulltrúa og stjórnenda A hluta árið 2025

Við gerð innri endurskoðunaráætlunar fyrir A hluta Reykjavíkurborgar fyrir árin 2026–2027 var send út viðhorfsskönnun til stjórnenda í A hluta og borgarfulltrúa þar sem óskað var eftir endurgjöf á starfsemi IER. Könnunin stóð yfir dagana 17. nóvember til 1. desember 2025. Alls fengu 80 einstaklingar könnunina senda og bárust 34 svör, sem samsvarar 43% svarhlutfalli. Í töflu 7 má sjá hlutfall svarenda sem tóku afstöðu og lýstu sig mjög sammála eða frekar sammála staðhæfingum um starfsemi IER sem settar voru fram í könnuninni. Svarmöguleikar könnunarinnar voru: *Mjög sammála; Frekar sammála; Hvorki né; Frekar ósammála; Mjög ósammála; Á ekki við/ Veit ekki.*

Markmið IER er að a.m.k. 85% svarenda hafi jákvæða sýn á starfsemi IER og svari mjög eða frekar sammála. Að stóru leyti er niðurstaða könnunarinnar góð þótt greina megi tækifæri til að bæta verklag og styrkja þjónustu í samræmi við væntingar hagsmunaaðila. Unnið verður nánar með niðurstöður könnunarinnar á komandi mánuðum.

TAFLA 7. HELSTU NIÐURSTÖÐUR Í VIÐHORFSKÖNNUN IER ÁRIÐ 2025

Hlutfall svarenda sem voru <i>Mjög sammála</i> eða <i>Frekar sammála</i> viðkomandi staðhæfingu			
Ég treysti faglegri vinnu IER	94%	✓	Markmiði náð
Starfsfólk IER virðir trúnað í störfum sínum	94%	✓	Markmiði náð
Skýrslur IER eru settar fram á skýran og skilmerkilegan hátt	88%	✓	Markmiði náð
Tillögur og ábendingar IER eru virðisaukandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar	85%	✓	Markmiði náð
Ég hef góða reynslu af samskiptum við IER	85%	✓	Markmiði náð
Úttektum IER er lokið innan eðlilegra tímamarka	56%	✗	Aðgerða þörf

VIÐAUKI 1 – YFIRLIT YFIR ÚTGEFIÐ EFNI IER 2024-2025

TAFLA 8. ÚTGEFIÐ EFNI IER 2024-2025

Starfseining*	Tegund verkefnis	Heiti skýrslu	Dagsetning
A hluti			2024
PON	Eftirfylgni	Kaup á rekstrarvörum fyrir ljósritunarvélar og prentara	14.02.2024
USK	Úttektir	Áætlanagerð og rekstur vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar	19.02.2024
MÍR	Eftirfylgni	Skráning safngripa og innra eftirlit	25.03.2024
VEL	Eftirfylgni	Úttekt á verkferlum hjá Barnavernd	25.03.2024
FAS	Úttektir	Áhættustýring Reykjavíkurborgar	08.04.2024
FAS	Úttektir	Vinnuferli við gerð reikningsskila	23.04.2024
MÍR	Úttektir	Eigendahlutverk styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022	23.05.2024
ESKN	Önnur verkefni	Könnun endurskoðunarnefndar meðal stjórnenda 2024	10.06.2024
Borgarráð	Önnur verkefni	Sjálfsmat borgarráðs 2024	22.08.2024
VEL	Eftirfylgni	Sértækt búsetuúrræði	02.12.2024
B hluti			2024
SHS	Önnur verkefni	Árangursmat og upplýsingagjöf	07.06.2024
OR	Úttektir	Rekstrarsamfella	16.09.2024
Carbfix	Úttektir	Rekstrarsamfella	16.09.2024
Ljósleiðarinn	Úttektir	Rekstrarsamfella	16.09.2024
ON	Úttektir	Rekstrarsamfella	16.09.2024
Veitur	Úttektir	Rekstrarsamfella	16.09.2024
OR	Eftirfylgni	Aðfangaferli	28.10.2024
Carbfix	Eftirfylgni	Aðfangaferli	28.10.2024
Ljósleiðarinn	Eftirfylgni	Aðfangaferli	28.10.2024
ON	Eftirfylgni	Aðfangaferli	28.10.2024
Veitur	Eftirfylgni	Aðfangaferli	28.10.2024
Veitur	Úttektir	Verkefnastjórnunarkerfið Vitinn	15.11.2024
A hluti			2025
USK	Eftirfylgni	Bílastæðasjóður - innra eftirlit skrifstofu	10.03.2025
USK	Úttektir	Leikskólinn Brákarborg	19.05.2025
ESKN	Önnur verkefni	Sjálfsmat endurskoðunarnefndar 2025	23.06.2025
B hluti			2025
OR	Eftirfylgni	Áhættustýring	20.05.2025

Staðan árið 2025 miðast við 1. júlí 2025.

*Endurskoðunarnefnd (ESKN), Fjármála- og áhættustýringasvið (FAS), Menningar- og íþróttasvið (MÍR), Umhverfis- og skipulagssvið (USK), Velferðarsvið (VEL), Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON).

